

XIII. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

204

30. okt.

83. gr.

Með mál, sem risa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lög-reglumál.

84. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur á tilkall til, skal upptækur ger og renna auk sekta í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

85. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir eða lætur gera, til að hindra brot á samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

86. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða sýslufélagið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. október 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUR

205

1. nóv.

um sérnám ýmissa starfsmanna landssímans.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, eru hér með settar eftirfarandi reglur um inntökuskilyrði, náms-tilhögun og próf ýmissa starfsmanna landssímans.

A. Símvirkjar, símritarar og loftskeytamenn.

Inntökuskilyrði.

Umsækjandi til símvirkja- og símritara eða loftskeytamannsnáms skal hafa almenna heilbrigði og enga þá líkamsgalla, svo sem sljóva heyrn, sjóndepru, gallað

- 205 málfar o. þ. l., sem geta dregið úr árangri hans í námi og starfi, enda leggi hann fram læknisvottorð þar að lútandi. Hann skal hafa lokið miðskólaprófi frá bóknaámsdeild miðskóla eða jafngildu prófi í tungumálum, stærðfræði og landafræði frá öðrum sambærilegum skóla. Þegar um eldri starfsmenn er að ræða, sem óska sérnáms, en hafa ekki lokið miðskólaprófi eða hliðstæðu prófi, getur pósti- og símamálastjórnin látið halda sérstakt próf fyrir þá í tungumálum, stærðfræði og landafræði.

Námstilhögun.

Námið tekur 3 ár og fer fram við verklegt starf samfara fræðilegu námi. Pósti- og símamálastjórnin ákveður, hvar á landinu námið fer fram. Styttri tími kemur aðeins til greina, þegar hlutaðeigandi hefur áður formenntun í sumum námsgreinum. Hafi hann t. d. lokið loftskiptaprófi samkvæmt alþjóða radióreglugerðinni, þá tekur viðbótarnámið $\frac{1}{2}$ — $1\frac{1}{2}$ ár.

Við námið er tilhögunin þessi: Fyrstu 4 mánuðir eru reynslutími og við lok hans tilkynnir pósti- og símamálastjórnin skriflega, hvort námssveinninn verði tekinn sem reglulegur nemi eða hann verði að hætta námi. Bóklegt nám hefst innan 12 mánaða eftir að reynslutíma er lokið.

Eftir 3 ára nám, að reynslutíma meðtöldum, skal nemandi ganga undir próf, og standist hann það, er honum gefinn kostur á starfi í einhverri starfsdeild landssímans í Reykjavík eða annars staðar á landinu. Ljúki hann hins vegar ekki prófinu eða standist það ekki, má gefa honum kost á að halda námi áfram í eitt ár í viðbót með óbreyttum kjörum og ganga aftur undir próf að því loknu. Ef hann stentz þá ekki prófið, verður hann að hverfa frá námi.

Mánaðargrunnkaup nemanda er: 1. ár kr. 250.00, 2. ár kr. 300.00, 3. ár kr. 400.00 auk verðlagsupphótar samkvæmt visitölu. Mánaðarkaupið greiðist eftir lok hvers mánaðar. Fyrir aukavinnu greiðist á klst. kr. 2.00 í dagvinnu, kr. 3.00 í eftirvinnu og kr. 4.00 í næturvinnu.

Landssíminn lætur kennsluna í té án sérstaks kennslugjalds frá nemendum.

Bóklega námið fari yfirleitt fram utan vinnutíma, og er að sjálfsögðu ekki greitt kaup fyrir þann tíma.

Sumarfrí er 1 dagur fyrir hvern mánuð, en við $1\frac{1}{2}$ vetra skólann fer kennsla ekki fram á tímabilinu júní, júlí og ágúst.

Ef nemandi er svo oft fjarverandi frá námi, t. d. vegna veikinda, slysa eða af öðrum ástæðum, að hann getur ekki fylgt með hinum nemendum að dómi pósti- og símamálastjórnarinnar, verður hann að hverfa frá námi.

Nemendum er skylt að stunda nám sitt af áhuga, reglusemi og stundvísi og koma ávallt fram með fullri kurteisí. Verði verulegir brestir á þessu, að dómi pósti- og símamálastjórnarinnar, getur hún vísað nemanda frá námi.

Námið greinist í flokka, eftir því hvaða sérgrein hlutaðeiganda er aðallega ætlað að starfa við að námi loknu, svo sem hér segir:

1. Símvirki með talsímataekni sem aðalgrein.
2. Símvirki með ritsímataekni sem aðalgrein.
3. Símvirki með sjálfvirka tækni sem aðalgrein.
4. Símvirki með radiótækni sem aðalgrein.
5. Símritari.
6. Loftskiptamaður.

B. Talsímakonur.

Um nám talsímakvanna landssímans gilda eftirfarandi reglur:

Umsækjendur skulu vera á aldrinum 17—22 ára og verða að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

Heilbrigðisvottorð skal vera frá trúnaðarlækni landssímans.

Hæfnispróf fer fram eftir að umsóknir hafa borizt, og verða valdar úr þær **205**
 stúlkur, sem hæsta einkunn hljóta í prófinu. Hæfnispróf er haldið í Reykjavík, nema 1. nóv.
 svo standi á, að tiltækilegt og hentugra þyki að halda það annars staðar.

Að loknu hæfnisprófinu byrjar talsímanámskeiðið og æfingatími, sem stendur yfir í að minnsta kosti sex mánuði. Ef framfarir nemenda á talsímanámskeiðinu eða í æfingatímunum teljast ekki viðunandi, má láta nemanda hætta námi fyrirvaralaust.

Að loknu talsímanámskeiði og æfingatíma skulu nemendur látnir ganga undir próf. Þær stúlkur, sem standast prófið og hæfar teljast, verða ráðnar í fasta stöðu hjá landssímanum frá næst komandi misseraskiptum eða áramótum að telja (1. janúar eða 1. júlí). Meðan á námskeiðinu stendur, fá nemendur námsstyrk, sem ákveðinn er af ráðherra. Þeir nemendur, sem lokið hafa prófi og verða ráðnir í fasta stöðu hjá landssímanum, eru skuldbundnir til að vinna á þeirri símastöð, er póst- og símamálastjórnin ákveður á hverjum tíma.

C. Símalagningamenn og tengingamenn.

Inntökuskilyrði.

Umsækjandi skal hafa almenna heilbrigði og enga þá líkamsgalla, svo sem sljóva heyrn, sjóndepru o. þ. l., sem getur dregið úr árangri hans í námi eða starfi, enda leggi hann fram vottorð frá trúnaðarlækni landssímans þar að lútandi.

Hann skal hafa nauðsynlega leikni í almennum reikningi, skrift og lestri og vera sæmilega handlaginn.

Námstilhögun.

Námið greinist í flokka, eftir því hvaða sérgrein hlutaðeigandi er aðallega ætlað að starfa við að námi loknu, svo sem hér segir:

1. Símalagningamenn.

Námið tekur að jafnaði 4 sumur, og að minnsta kosti 16 mánuði samtals, og fer fram við verklegt starf í vinnuflokkum landssímans við aðgerðir og lagningu loftlína. Styttri tími kemur aðeins til greina, þegar hlutaðeigandi hefur áður unnið við sams konar starf eða verið á sérstöku námskeiði í þessari grein eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar.

Námið felur í sér æfingu í lagningu og viðgerðum alls konar loftlína, inntaka í hús, uppsetningu talfæra o. þ. l. Að námi loknu gefur hlutaðeigandi verkstjóri póst- og símamálastjórninni skýrslu um námið, og verður að jafnaði haldið verklegt próf áður en viðurkenning er veitt fyrir því, að hlutaðeigandi geti talizt fullgildur símalagningamaður. Kaup símalagningamanna fer eftir samningum við félag símalagningamanna.

2. Tengingamenn jarðstrengja.

Námið tekur 9 mánuði, þar af 3 mánuði aðallega á námskeiði, en 6 mánuði við verklegt starf. Styttri tími kemur aðeins til greina, þegar hlutaðeigandi hefur áður unnið við sams konar starf.

Námið felur í sér æfingu í lagningu og viðgerð alls konar jarðsima, frágangi strengenda og tengikassa, einfaldar prófanir o. fl.

Námið hefst á 3 mánaða námskeiði, sem er haldið þar, sem póst- og símamálastjórnin ákveður. Að því loknu gengur hlutaðeigandi undir próf, og ef hann stenz það, heldur hann áfram náminu við verklegt starf í 6 mánuði, og telji verkstjórar hans, að því loknu, hann hafa leyst það af hendi á viðunandi hátt, getur póst- og símamálastjórnin viðurkennt hann sem fullgildan tengingamann við jarðsimalagnir.

Fyrsti ½ mánuður námskeiðsins er kauplaus reynslutími, en að honum loknu

- 205 um verður hlutaðeigandi tilkynnt skriflega, hvort hann verður tekinn sem fastur
1. nóv. nemandi og fái greitt kaup (um 80% af verkamannakaupi) meðan á námskeiði stendur, gegn vissum skuldbindingum. Að námskeiði loknu greiðist venjulegt verkamannakaup, þar til námi er að fullu lokið, en síðan sama kaup og símalagn-ingamenn fá.

3. Tengingamenn við húslagnir.

Námið tekur 9 mánuði, þar af 3 mánuði aðallega á námskeiði, en 6 mánuði við verklegt starf. Styttri tími kemur aðeins til greina, þegar hlutaðeigandi hefur áður unnið við sams konar starf.

Námið felur í sér æfingu í lagningu alls konar símatauga innanhúss og lagnir í tækjum, þ. á m. pípulagning, strengjalagning og frágang strengenda, kveiking víra, uppsetning talfæra o. þ. l., einfaldr prófanir á línun og talfærum o. s. frv.

Námið hefst á 3 mánaða námskeiði, en að því loknu gengur hlutaðeigandi undir próf, og ef hann stenz það, heldur hann áfram náminu við verklegt starf í 6 mánuði og telji verkstjórar hans, að því loknu, hann hafa leyst það af hendi á viðunandi hátt, mun póst- og símamálastjórnin viðurkenna hann sem fullgildan tengingamann við þessar lagnir.

Fyrsti ½ mánuður námskeiðsins er kauplaus reynslutími, en að honum loknum verður hlutaðeigandi tilkynnt skriflega, hvort hann verður tekinn sem fastur nemandi og fái greitt kaup (um 80% af verkamannakaupi) meðan á námskeiði stendur, gegn vissum skuldbindingum. Að námskeiði loknu greiðist venjulegt verkamannakaup, þar til námi er að fullu lokið, en síðan sama kaup og símalagn-ingamenn fá.

Póst- og símamálastjórnin, 1. nóvember 1947.

Guðmundur Hlíðdal.

Einar Pálsson.

206
6. nóv.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarfélag Eyrbyggja.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir Stokkseyrarhrepp hinn forna í Árnessýslu — Búnaðarfélag Eyrarbakkahepps og Búnaðarfélag Stokkseyrarhepps.

2. gr.

Ræktunarfélagið tekur að sér á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á félagssvæðinu, að undanskildum þeim, er falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaganna, nr. 54 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að framkvæma jarðvinnslu á tünun jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru vél-tæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins.
2. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna eða garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir 1. lið.
3. Verksvið félagsins má færa út, ef ástæður leyfa, þannig að það nái einnig til framræslu og annarra ræktunarstarfa, er henta þykir.